

Reykjavík, 15. desember 2022

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Bls. | 1

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002 (hringrásarhagkerfi, umbúdatafla, reiknireglur, viðaukar)

Hinn 9. desember síðastliðinn lagði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002. Ákvæði frumvarpsins tengjast gildistöku breytingalaga, nr. 103/2021, um næstu áramót, en með breytingalögunum verða innleiddar í íslenskan rétt Evrópugerðir sem m.a. eiga að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis á Íslandi.

Með umsögn þessari er óskað eftir frestun gildistöku 19. gr. frumvarpsins er varðar álagningu úrvinnslugjalds á umbúðir vara.

Samhengið

Frá samþykkt laga nr. 103/2021 hefur verið unnið að útfærslu ákvæða þeirra á vettvangi stjórnvalda, þ. á m. umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis, Úrvinnslusjóðs og Skattsins. Hefur vinnan m.a. kallað á aðkomu sveitarfélaga og atvinnulífs. Viðfangsefnið hefur í ýmsu tilliti reynst flókið og tafsamt í útfærslu sem orsakast a.m.k. hluta af því að þær Evrópugerðir sem innleiddar verða með lögunum hafa ekki tekið gildi innan ESB og því liggja lítt fyrir fordæmi sem líta má til. Þá nýtur útfærsla framlengdrar framleiðendaábyrgðar sérstöðu hér á landi, samanborið við það sem tíðkast víðast hvar í Evrópu, þar sem hér er kostnaðarábyrgð felld á ríkisstofnunina Úrvinnslusjóð sem fær tekjur af skatti, úrvinnslugjaldi, sem innflytjendur og framleiðendur greiða.

Að mestu leyti er úrvinnslugjald innheimt samhliða álagningu annarra aðflutningsgjalda við innflutning vara. Innflytjandi skilar innflutningsskýrslu, ásamt fylgigögnum, sem inniheldur þær upplýsingar sem áskildar eru. Þær upplýsingar eru nýttar til álagningar aðflutningsgjalda, m.a. úrvinnslugjalds. Þetta á sér stað rafrænt og með nokkurri einföldun í samtali milli tölvukerfis innflytjanda og tölvukerfis Skattsins (tollur). Svo rétt niðurstaða fáið er því algerlega nauðsynlegt að samtalið kerfa á milli sé snurðulaust. Þegar Alþingi gerir breytingar á aðflutningsgjöldum þarf Skatturinn ekki aðeins að gera breytingar á sínu kerfi, því til samræmis, heldur þurfa hugbúnaðarhús sem annast tölvukerfi innflytjenda einnig að gera breytingar. Tölvukerfi innflytjenda eru fjölmörg, sum ný en önnur eldri. Til tryggingar því að breytingarnar hafa verið gerðar með réttum hætti þurfa prófanir að eiga sér stað milli kerfis Skattsins og tölvukerfa innflytjenda. Innleiðing breytinga á aðflutningsgjöldum tekur því jafnan nokkurn tíma. Tímalengdin er háð eðli breytinganna. Ef breytingarnar eru einfaldar getur innleiðingin tekið tiltölulega skamman tíma en ef þær eru flóknar tekur hún stundum langan tíma.

Verður nú vikið nánar að frumvarpinu.

Vandkvæðin

Hinn 8. nóvember síðastliðinn, þegar frumvarpið var á undirbúningsstigi, sendi Skatturinn hugbúnaðarhúsum, sem annast tölvukerfi innflytjenda, tilkynningu þar sem gerð var grein fyrir þeim breytingum sem þau mættu vænta. Hefur sú tilkynning verið uppfærð fjórum sinnum frá þessum tíma. Í byrjum desember átti Skatturinn fund með hugbúnaðarhúsunum í því skyni að kynna fyrirhugaðar breytingar nánar. Á fundinum lýstu hugbúnaðarhúsin þeirri afstöðu að þeim mundi ekki takast að ljúka innleiðingu og prófunum á tilteknum þáttum breytinganna fyrir 1. janúar næstkomandi.

Bls. | 2

Eftir fund Skattsins leituðu nokkur aðildarfyrirtæki SVP til skrifstofu samtakanna og lýstu verulegum áhyggjum af stöðunni. Kom þar m.a. fram að veruleg hættu væri á að tollafgreiðsla verulegs fjölda vara mundi verða óframkvæmanleg frá og með 1. janúar næstkomandi og eitthvað frameftir næsta ári, þ.e. allt þar til hugbúnaðarhúsum hefði tekist að innleiða og prófa breytingar á álagningu úrvinnslugjalds. Kom þá þegar fram að einkum væru fyrirsjáanlegar tafir vegna efnis 19. gr. frumvarpsins. Að svo komnu máli átti skrifstofa SVP fundi með hugbúnaðarhúsunum.

Þó óhætt sé að halda því fram að lagabreytingar sem varða aðflutningsgjöld valdi hugbúnaðarhúsum vanda á nær ári hverju, í aðdraganda áramóta, nýtur 19. gr. frumvarpsins sérstöðu. Segja má að hefðbundið sé að vinna þurfi breytingar og framkvæma prófanir vegna breytinga á tollskrá og tollskrárnúmerum og fjárhæða aðflutningsgjalda sem leggjast á vörur undir hverju tollskrárnúmeri. Í tilviki 19. gr. frumvarpsins er vandinn hins vegar annar og meiri þar sem ákvæði greinarinnar gera í raun kröfu um að tölvukerfi skattsins og innflytjenda geri mönnum fært að skrá inn viðbótarupplýsingar sem ekki er unnt að sækja úr öðrum kerfum heldur þarf að sækja frá erlendum framleiðendum og skrá sérstaklega. Viðbótarupplýsingarnar mun þurfa að skrá miðað við mun meiri fjölda gilda eða viðmiða en áður hefur tíðkast m.t.t. úrvinnslugjalds. Af þeim sökum kallar 19. gr. frumvarpsins á svo viðamikla innleiðingarvinnu í tölvukerfi innflytjenda að tíminn til áramóta er ekki nægur. Þar til viðbótar mun einnig þurfa að prófa kerfin með skattinum þannig að tryggt verði að innskráðar upplýsingar skili sér bæði á réttan stað í kerfi Skattsins og skili réttri álagningu.

Rétt er að taka fram að á síðustu dögum komu fram upplýsingar frá hugbúnaðarhúsum sem gáfu til kynna að einnig væri veruleg hættu á töfum vegna breytinga, innleiðingar og prófana sem snerta efni 12. gr. frumvarpsins, þ.e. einkum hvað varðar álagningu úrvinnslugjalds á drifraflöður í rafmagnsbifreiðar og öðrum rafknúnum ökutækjum. Ástæðan ku vera sú að innflytjendur munu frá næstu áramótum þurfa að veita Skattinum upplýsingar um þyngd rafhlöðu í ökutæki við gerð innflutningsskýrslu. Um þessar mundir hafa hugbúnaðarhúsin hins vegar gefið til kynna að bæði þau og Skatturinn muni ráða við innleiðingu fyrir 1. janúar 2023. Verði breyting á þeirri afstöðu áskilja SVP sér rétt til að koma viðbótarupplýsingum á framfæri við nefndina eins fljótt og verða má.

Áhrifin

Að mati SVP liggur fyrir að 19. gr. frumvarpsins muni að óbreyttu valda skakkaföllum í innflutningi í upphafi næsta árs. Fari svo skapast hætta á tímabundnum vöruskorti. Brýn nauðsyn er að við því verði brugðist.

Í ljósi framangreinds fara SVP fram á að gildistöku 19. gr. frumvarpsins verði frestað til 1. mars 2023. Samhliða þarf að fresta gildistöku viðeigandi ákvæða laga nr. 103/2021.

Bls. | 3

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur